

Fundargerð 74. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2023, fimmtudaginn 6. júlí kl. 12:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Fannar Jónasson og Björn Ingimarsson.

Að auki sátu fundinn Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Baldur Smári Einarsson, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Íris Róbertsdóttir boðuðu forföll á fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Samráð um stefnumótun lagareldis - 2306024SA**

Í kjölfar kynningarfundar Matvælaráðuneytis um stefnumótunarvinnu vegna lagareldis til ársins 2040, býðst öllum hagaðilum að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri. Tímafrestur til að senda inn athugasemdir er til mánudagsins 10.júlí 2023.

Formanni stjórnar og starfsmanni falið að skila inn sjónarmiðum samtakanna í samræmi við umræður fundarins. Stjórnarmönnum verður sent skjalið í tölvupósti til yfirlstrar áður en því verður skilað inn til ráðuneytisins.

Fundi var slitið kl. 12:30